


Umhverfisstofnun
Áb. SF
29 OKT. 2004
54.52
Tilv. UST20040500132

Skipulagsstofnun
 Auður Ýr Sveinsdóttir
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er umhverfisstofnunin sem hefur til hendi að óskar um ófangan af umhverfisstofnunum.

Umhverfisstofnun er ófangan af umhverfisstofnunum.

Umhverfisstofnun er ófangan af umhverfisstofnunum.

28. október 2004
 Tilvísun: UST20040500132/sf

Sundabraut í Reykjavík, 1. áfangi. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 1. október sl., vegna ofangreindrar framkvæmdar en með því fylgdu viðbótargögn frá framkvæmdaraðilum. Óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um gögnin og hvort þau hafi í för með sér breytingar á fyrri umsögn stofnunarinnar og ef svo er í hverju þær breytingar séu fólgnar. Umhverfisstofnun veitti með bréfi dags. 15. október sl. umsögn um þætti er varða strauma, botnset og lífríki. Hér á eftir er fjallað um aðra þætti er varða starfssvið stofnunarinnar.

Svifryk

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar var gerð athugasemd vegna ófullnægjandi upplýsinga um dreifingu svifryks. Skipulagsstofnun óskaði eftir ítarlegri upplýsingum um þennan þátt og í svari framkvæmdaraðila við sértækum spurningum stofnunarinnar koma fram viðbótarupplýsingar um áætlaðan meðaltalsstyrk svifryks umhverfis vegamót. Í spurningum Skipulagsstofnunar var m.a. farið fram á að framkvæmdaraðili gerði grein fyrir því hversu oft megi búast við því að skammtímagildi svifryks fari yfir umhverfismörk skv. reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdioxíð, köfnunarefnisdioxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings. Umhverfisstofnun telur að gefa eigi upp tölulegt mat á hversu oft farið er yfir viðmiðunarmörk og því sé textinn „...fari....yfir viðmiðunarmörk **nokkrum sinnum á ári...**“ [leturbr. UST] í svörum framkvæmdaraðila ekki nægilega nákvæmur. Spurningin sem Skipulagsstofnun (og Umhverfisstofnun) leggur fram hlýtur að vera hvort svo verði umfram heimild **að mati** framkvæmdaraðila, byggt á bestu fáanlegu upplýsingum, sbr. lýsingu í svari framkvæmdaraðila og hvort þetta valdi því að grípa þurfi til aðgerða, sbr. 25. gr. í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Ekki er heldur lagt mat á hversu hárr styrkur gæti verið við verstu skilyrði. Umhverfisstofnun fellst á að nákvæm spá um styrk og hegðun svifryks fram í tímann er erfiðleikum háð en telur þó að hægt sé að gera nákvæmari áætlun þar um, t.d. miðað við núverandi aðstæður (veðurfar, nagladekkjanotkun, umferðartölur o.fl.) en framkvæmdaraðili gerir. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdioxíð, köfnunarefnisdioxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings er kveðið á um að umhverfismörk fyrir svifryk muni lækka umtalsvert á næstu árum, sbr. viðauka III með reglugerðinni. Mörk þau sem munu gilda frá 1.

janúar 2010 hafa þegar tekið gildi sem leiðbeiningargildi og ber framkvæmdaraðila að miða við þau við mat sitt. Þetta á sérstaklega við í þessu tilfelli þar sem ekki er gert ráð fyrir því að Sundabraut verði tilbúin fyrr en eftir þó nokkur ár (þegar Sundahöfn er nánast fullbyggð skv. matsskýrslu og svörum framkvæmdaraðila). Ekkert í matsskýrslu eða svörum framkvæmdaraðila bendir til þess að tekið sé tillit til ákvæða reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða atriði sem hafa bein áhrif á almenning og íbúa næst fyrirhuguðum vegamótum og að þessar upplýsingar liggja ekki frammi fyrir almenning til athugunar fyrir ákvarðanatöku nema farið verði í aðra kynningu.

Umhverfisstofnun telur miklar líkur á að rykmengun fari yfir þær heimildir sem settar eru í reglugerð nr. 251/2002, um brennisteinsdioxíð, köfnunarefnisdioxíð og köfnunarefnisoxið, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings, og að tiltæk gögn veiti framkvæmdaraðila möguleika á að meta slíkt mun betur en gert er.

Hljóðvist

Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar var bent á að ekki kæmi fram á kortum dreifing hávaða frá hábrú á leið I. Í svörum framkvæmdaraðila kom fram að reiknað hefði verið með hávaða frá brúnni, en ekki sýnt á kortum. Umhverfisstofnun ítrekar athugasemdir við að ekki komi skýrt fram á korti hvernig reiknuð dreifing hávaða frá hábrú dreifist, né eru forsendur fyrir dreifingu hávaða þaðan skyrðar í fylgiskjólum eða matsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að vegna Sundabrautar verður umtalsverð breyting á hljóðstigi í hluta Hamrahverfis. Stofnunin telur að allar aðgerðir sem draga úr hávaða frá hábrúnni og aðreinum þar að hljóti að hafa vissan forgang. Þannig má nefna að í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að með 2 m vegg á brúnni megi lækka hljóðstig við ákveðin hús við Leið-, Kross- og Hesthamra um allt að 2-5 dB(A). Slíkur veggur yrði einnig skjól fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Umhverfisstofnun telur mjög til bóta, að teknu tilliti til viðbótarupplýsinga frá framkvæmdaraðila að settur verði skjólveggur/hljóðveggur á brúna með þeim fyrirvara þó að hönnun verði á þann hátt að reynt verði að koma í veg fyrir að fuglar fljúgi á brúna. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun ítreka fyrri ábendingar um að athugaðar verði farleiðir fugla til og frá Grafarvogsleirum og Elliðaárósum í því skyni að kanna áhrif brúargerða, jafnt skv. leið I (hábrú) og leið III.

Ekki kemur fram í svörum framkvæmdaraðila hvernig hljóðvarnir á brúnni sjálfrí og á lóðarmörkum við hús í Hamrahverfi spila saman né hvort og þá hvernig haft hefur verið samráð við íbúa viðkomandi húsa sem nú eiga að fá veggi við lóðarmörk. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að hljóðvarnir séu hannaðar og kynntar íbúum áður en ákvörðun liggur fyrir enda þekkt að samspil útsýnis og hljóðvistar á upplifun íbúa er flókið. Tryggja verður hljóðvist sem uppfyllir kröfur en um leið virða rétt íbúa á útsýni og öðrum réttmætum notum af eignum sínum.

Umhverfisstofnun telur gagnrýnivert að ekki skuli hafa verið kynnt í matsskýrslu hljóðvist á efri hæðum húsa í næsta nágrenni við fyrirhugaða legu Sundabrautar. Eftir að stofnuninni bárust viðbótarsvör framkvæmdaraðila við spurningum Skipulagsstofnunar var óskað eftir því að viðbótarumfjöllun um hljóðvist yrði sett fram á myndrænu formi en framkvæmdaraðili varð ekki við þeim óskum. Framsetning viðbótargagna gerir það erfiðara en ella að sjá heildarmyndina þar sem niðurstöður eru ekki sýndar á dynlinukorti, þó í töflu megi lesa sér til um hljóðvist við einstök hús.

Umhverfisstofnun bendir á að helstu áhyggjur almennings vegna nýrra vega lúta að hljóðvist. Við frekari vinnslu og athugun á framkvæmdinni hafa orðið nokkrar breytingar á tilhögun, breytt hljóðvist við ákveðin hús, upplýsingar um hljóðvarnir og meiri upplýsingar um hljóðvist einkum á efri hæðum einstakra húsa. Stofnunin bendir á að almenningur, íbúar og eigendur viðkomandi húsa hafa ekki haft aðstöðu til að kynna sér þessi áhrif framkvæmdarinnar og því ekki möguleika á að koma að athugasemdum áður en ákvörðun verður tekin.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 eru skýr. Tryggja ber viðunandi hljóðstig fyrir utan hús þegar það er hægt og þegar um er að ræða nýbyggingar, nýskipulögð hverfi og nýja vegi er það hægt. Umhverfisstofnun telur að sértækjar lausnir, s.s. styrkveitingar til úrbóta, séu neyðarúrræði vegna fyrirliggjandi aðstæðna, en ekki atriði sem eigi að gera ráð fyrir við skipulag og framkvæmdir á nýjum svæðum. Ef framkvæmdaraðili hefur í huga að uppfylla ákvæði reglugerða með sértækum lausnum og útgjöldum fyrir íbúa telur stofnunin nauðsynlegt að slíkt verði tilkynnt viðkomandi sérstaklega áður en ákvörðun er tekin.

Önnur atriði


Umhverfisstofnun vekur athygli Skipulagsstofnunar á að ekki er gert ráð fyrir við núverandi útfærslu leiðar III að seglskútur komist undir brúna. Stofnunin minnir á að fyrir innan leiðina er smábátaþöfn og skipulagt bryggjuhverfi en þar hefur verið gert ráð fyrir seglskútum. Stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæmdaraðili upplýsi hvernig viðkomandi hagsmunaðilum hafi verið kynnt þessi áhrif framkvæmdarinnar og að þeim hafi verið gefinn kostur á athugasemdum.

Með tilvísan til 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, bendir Umhverfisstofnun á að allt varp dýpkunarefnis í hafið er óheimilt nema með leyfi stofnunarinnar. Ekki er nóg að hafa samráð ef styrkur mengunarefna er yfir einhverjum mörkum (sbr. bls. 17 í svörum framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar).

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að framsetningu gagna er varðar hljóðvist sé ábótavant sbr. athugasemdir hér að ofan og að ekki sé rétt að gera ráð fyrir sértækum lausnum sem eru íþyngjandi fyrir íbúa til að tryggja viðunandi hljóðstig. Ekki er ljóst hvernig hljóðvarnir á hábrú og á lóðarmörkum við hús í Hamrahverfi spila saman. Ennfremur telur stofnunin að betur hefði átt gera grein fyrir rykmengun og að líkur séu á að grípa þurfi til sértækra aðgerða til að halda rykmengun undir mörkum á Sundabraut sem á öðrum jafn fjölförnum götum í borginni. Einnig bendir stofnunin á að margvísleg ný gögn sem eru lögð fram í svörum framkvæmdaraðila, sem og þau gögn sem ennþá vantar, ætti að kynna almenningi, hagsmunaðilum og íbúum svo þeir geti kynnt sér heildar umhverfisáhrif framkvæmdanna.

Virðingarfyllst,


 Sigurrós Friðriksdóttir
 flagsviðsstjóri


 Helgi Jónasson
 forstöðumaður framkvæmda-
 og eftirlitssviðs